

Vaðlaheiðargöng hf.

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 15

Skýrsla stjórnar

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og gerð jarðganga í gegnum Vaðlaheiði, vegalagningu að þeim og rekstur þeirra að framkvæmd lokinni.

Rekstur ársins 2025 og framtíðarhorfur

Eiginlegur rekstur Vaðlaheiðarganga hófst í upphafi árs 2019, þegar opnað var formlega fyrir umferð um göngin og gjaldtaka hófst.

Alls fóru 612 þúsund ökutæki, sem greiddu veggjald, um göngin á árinu eða um 1.677 ökutæki að jafnaði á degi hverjum yfir árið. Heildarumferð um göngin var hins vegar um 627 þúsund ökutæki og eru þá meðtalin gjaldfrjáls ökutæki, t.d. lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, bifreiðar björgunarsveita og ökutæki Vegagerðarinnar. Heildar umferð um göngin á árinu jafngildir því að sparast hafi um 10 milljónir kílómetrar í akstri miðað við 16 kílómetra styttingu hringvegarins.

Umferð um göngin frá opnun þeirra í ársbyrjun 2019 (6 ár) eru nú samtals um 3,8 milljónir ferða sem jafngilda um 61,3 milljónum kílómetra í sparaðan akstur. Engin umferðaslys hafa orðið í göngunum frá opnun og jafnframt hefur umferðaslysum á Víkurskarðsleiðinni fækkað um 80% eftir opnun ganganna sem er svipað hlutfall og umferð hefur dregist saman um skarðið.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2025 námu kr. 981 millj. en voru kr. 844 millj. árið 2024. EBITDA hagnaður ársins var kr. 799 millj. og EBITDA hlutfall 81,4%. Reiknaðar afskriftir námu 248 millj. og þá voru fjármagnsliðir neikvæðir um 878 millj. Tap ársins nam því kr. 328 millj. í samanburði við kr. 587 millj. tap árið 2024.

Stjórn metur hreinan ábata gjaldtöku vera kr. 839 millj. á árinu 2025 og hækkar úr kr. 730 millj. árið 2024, eða um 14,9%. Með hreinum ábata gjaldtöku er átt við þá fjárhæð sem gjaldtaka skilar umfram þann kostnað sem til fellur vegna gjaldtökunnar, þ.e. innheimtukostnað, markaðskostnað og annan kostnað við gjaldtöku og rekstur sérstaks félags um verkefnið. Þessi fjárhæð er fundin þannig út að við EBITDA er bætt þeim kostnaði sem myndi falla til við rekstur ganga þó engin gjaldtaka væri, s.s. viðhald og rekstur ganga (100%) og starfsmannakostnaður (25%) sem slíkri vinnu tengist.

Heildareignir félagsins námu í árslok kr. 16.258 millj., skuldir félagsins námu 16.293 millj. og eigið fé í árslok 2025 var neikvætt um kr. 35 millj.

Á árinu störfuðu hjá félaginu 2 starfsmenn í 2 stöðugildum eins og árið 2024. Í þriggja manna stjórn félagsins eiga sæti 1 kona og 2 karlmenn.

Seinni hluta júnímánaðar 2022 var skrifað undir viðauka við lánssamninga félagsins þar sem kveðið var á um framlengingu á lokagjaldþaga (til 15. febrúar 2057), endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta, breytt vaxtakjör auk þess sem höfuðstóll lánnanna var verðtryggður og bundinn vísitölu neysluverðs. Samhliða framangreindum breytingum, skv. viðauka við lánin, færði lánveitandi 5.000 m.kr., af eftirstöðvum lánsins með með áföllnum vöxtum í nýtt viðbótarhlutafé í lántaka. Þá var kveðið á um fjársópsfyrirkomulag í lánssamningi þannig að félagið greiðir allt laust fé umfram 50 m.kr. að lágmarki tvisvar sinnum á ári inn á lánið og hefur félagið greitt alls um 3.570 m.kr. til lánveitanda á fjórum árum (Á árinu 2025 voru greiddar alls 830 m.kr til lánveitanda, þar af 536,9 m.kr. inná verðbættan höfuðstól lánnanna, á árinu 2024 voru alls greiddar 730 m.kr. til lánveitanda, þar af 439 m.kr. inná verðbættan höfuðstól lánnanna, á árinu 2023 voru alls greiddar alls 630 m.kr. til lánveitanda, þar af 347 m.kr. inn á verðbættan höfuðstól lánnanna og á árinu 2022 voru greiddar 1.380 m.kr. til lánveitanda, þar af 919 m.kr. inn á verðbættan höfuðstól lánsins). Samkvæmt viðaukanum við lánssamningana er síðan kveðið á um lágmarks endurgreiðslu á fyrstu 5 árum frá undirritun viðauka við lánssamninga og hefur félagið nú þegar staðið skil á allri þeirri fjárhæð. Fjársópsfyrirkomulag í lánssamningi á eftir sem áður við fyrir félagið og mun félagið áfram greiða allt laust fé umfram 50 m.kr. til lánveitanda, að lágmarki tvisvar sinnum á ári.

Rekstraráætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir tapi af rekstri félagsins. Þar sem félagið hefur nú þegar staðið skil á samningsbundnum afborgunum af langtímaláni félagsins út árið 2026 er það mat stjórnenda félagsins að félagið geti staðið við skuldbindingar félagsins. Í því sambandi er horft til þess að handbært fé frá rekstri í sjóðstreymi hefur verið verulega jákvætt undanfarin ár (2025: 530,1 m. kr., 2024: 448,1 m.kr. og 2023: 354,6 m.kr.). Er ársreikningurinn því lagður fram á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Að öðru leyti en fram kemur hér að framan þá er gert ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu móti á árinu 2026 eins og hann var á árinu 2025.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna jöfnunar á tapi ársins og mun á aðalfundi ekki koma með tillögur að arðgreiðslum.

Skýrsla stjórnar

Eignaraðild

Hluthafar félagsins voru þeir sömu í ársbyrjun og í árslok.

	Nafnverð	Hlutdeild
Greið leið ehf.....	396.000.000	7,1%
Íslenska ríkið.....	5.204.000.000	92,9%

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Vaðlaheiðarganga hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Staðfest af stjórn 13. febrúar 2026 og undirritað með rafrænni undirritun.

Stjórn:

Hilmar Gunnlaugsson

Ásthildur Sturludóttir

Styrkár Jafet Hendriksson

Framkvæmdastjóri:

Valgeir Bergmann Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vaðlaheiðarganga hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vaðlaheiðarganga hf fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Vaðlaheiðargöngum hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Vaðlaheiðarganga hf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi félagsins eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Undirritað rafrænt.

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, 600 Akureyri

Björn Óli Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Veggjald		981.318.239	840.518.674
Aðrar rekstrartekjur		0	3.000.000
		<u>981.318.239</u>	<u>843.518.674</u>
Rekstrargjöld			
Viðhald og rekstur ganga		26.049.925	26.142.816
Laun og launatengd gjöld	3	57.912.823	50.744.714
Annar rekstrarkostnaður		98.854.691	72.216.934
Afskriftir	4	247.957.660	248.128.573
		<u>430.775.099</u>	<u>397.233.037</u>
Rekstrarhagnaður		550.543.140	446.285.637
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		9.256.006	6.626.182
Vaxtagjöld		(244.885.547)	(242.987.567)
Áhættugjald		(48.853.427)	(48.499.730)
Verðbætur		(593.938.290)	(748.775.760)
		<u>(878.421.258)</u>	<u>(1.033.636.875)</u>
Tap ársins		<u>(327.878.118)</u>	<u>(587.351.238)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Vaðlaheiðargögn, stofnkostnaður		16.136.286.261	16.383.492.671
Bifreiðar, áhöld og tæki		3.315.937	4.067.187
		<u>16.139.602.198</u>	<u>16.387.559.858</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	62.029.629	80.652.795
Aðrar skammtímakröfur		1.702.781	405.361
Handbært fé		54.971.599	61.770.256
		<u>118.704.009</u>	<u>142.828.412</u>
Eignir samtals		<u>16.258.306.207</u>	<u>16.530.388.270</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	7		
Hlutfé		5.600.000.000	5.600.000.000
Ójafnað tap		(5.634.511.816)	(5.306.633.698)
		(34.511.816)	293.366.302
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	9	16.095.647.647	16.038.588.795
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		9.904.388	9.828.599
Fyrirframinnheimtar tekjur	5	172.211.217	176.269.396
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	9	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		15.054.771	12.335.178
		197.170.376	198.433.173
Skuldir samtals		16.292.818.023	16.237.021.968
Eigið fé og skuldir samtals		16.258.306.207	16.530.388.270
Aðrar upplýsingar	8, 10		

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins		(327.878.118)	(587.351.238)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	247.957.660	248.128.573
Aðrir liðir		593.938.290	748.775.760
		514.017.832	409.553.095
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		17.325.746	(3.966.713)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		(1.262.797)	42.544.461
		16.062.949	38.577.748
Handbært fé frá rekstri		530.080.781	448.130.843
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	0	(3.756.250)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(536.879.438)	(439.001.617)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(6.798.657)	5.372.976
Handbært fé í byrjun árs		61.770.256	56.397.280
Handbært fé í árslok		54.971.599	61.770.256
Aðrar upplýsingar			
Innheimtar vaxtatekjur		9.256.006	6.626.182
Greiddir vextir, áhættugjald og lántökukostnaður		(293.738.974)	(292.142.759)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vaðlaheiðargöng hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Vaðlaheiðargöng hf. var stofnað á árinu 2011 og hefur þann tilgang að standa að undirbúningi og gerð jarðganga í gegnum Vaðlaheiði ásamt veglagningu að þeim og rekstur þeirra að framkvæmd lokinni.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslensk króna. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í öðrum myntum, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afslátta. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Mismunur tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding eða inneign eftir því sem við á. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar eða yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð að því marki sem líklegt er talið að hún muni nýtast á móti framtíðarhagnaði félagsins. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign miðast við það tekjuskattshlutfall sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem varð til þegar til skuldarinnar var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á.

Lán sem reiknað er með að komi til greiðslu innan 12 mánaða eru flokkuð sem skammtímaskuldir í efnahagsreikningi.

3. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	47.425.989	41.721.739
Launatengd gjöld	10.486.834	9.022.975
	57.912.823	50.744.714
Fjöldi ársverka	2,0	2,0

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra námu kr. 40,0 millj. á árinu.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Skýringar

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Vaðlaheiðargögn, stofnkostnaður	Bifreiðar, áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	16.383.492.671	4.067.187	16.387.559.858
Afskriftir	(247.206.410)	(751.250)	(247.957.660)
Bókfært verð í árslok	16.136.286.261	3.315.937	16.139.602.198
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	17.853.796.106	10.246.250	17.864.042.356
Afskrifað samtals	(1.717.509.845)	(6.930.313)	(1.724.440.158)
Bókfært verð í árslok	16.136.286.261	3.315.937	16.139.602.198
Afskriftahlutföll	1,38%	20,00%	
Áætlaður nýtingartími eigna	72 ár	5 ár	

Staða fjárfestingar í Vaðlaheiðargöngum í upphafi árs, viðbót á tímabilinu og staða í lok árs greinist þannig:

	1.1.2025	Viðbót á árinu	31.12.2025
Ósafli sf.	13.816.348.436	0	13.816.348.436
Vegagerðin	566.950.435	0	566.950.435
Efla hf. og Geotek ehf.	776.904.219	0	776.904.219
Önnur fjárfesting og efniskostnaður	598.248.475	0	598.248.475
Laun, skrifstofu- og stjórn.k. umfram endursölu kostn.	174.065.988	0	174.065.988
Tryggingabætur	(375.000.000)	0	(375.000.000)
Fjármagnskostnaður	2.296.278.553	0	2.296.278.553
Afskrifað samtals	(1.470.303.435)	(247.206.410)	(1.717.509.845)
	16.383.492.671	(247.206.410)	16.136.286.261

Á framkvæmdatíma ganganna var rekstrarkostnaður og nettó fjármagnskostnaður, þ.e. vaxtagjöld, lántökukostnaður og áhættugjald að frádregnum vaxtatekjum, eignfærður meðal efnislegra eigna sem stofnkostnaður Vaðlaheiðarganga, alls að fjárhæð 2.470,3 milljónir króna.

Þann 5. júlí 2017 var undirritað samkomulag við samstæðu þeirra váttryggingarfélaga sem tóku að sér váttryggingu ganganna á framkvæmdatímanum um tryggingarbætur til handa félaginu. Fjárhæð tryggingarbóta, skv. samkomulaginu, nam 375 milljónum króna og var fært til lækkunar á efnislegum eignum sem stofnkostnaður ganganna.

Framkvæmdir við göngin hófust á árinu 2013 og er að mestu lokið í árslok 2018. Fjárhæðir í ofangreindri töflu yfir fjárfestingu í Vaðlaheiðargöngum eru uppsafnaðar fjárhæðir á kostnaðarverði og á verðlagi hvers árs fyrir sig. Uppreiknuð fjárfesting í Vaðlaheiðargöngum miðað við byggingarvísitölu í lok árs 2025 nemur 27.203 milljónum króna og er þá framkvæmdakostnaður hvers árs uppreiknaður miðað við þróun byggingarvísitölu frá lokum viðkomandi árs til ársloka 2025. Með sömu aðferðarfræði nemur uppreiknuð fjárfesting í Vaðlaheiðargöngum miðað við þróun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 26.605 milljónum króna í lok árs 2025.

Skýringar

5. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Fyrirframinnheimtar tekjur	172.211.217	176.269.396
	172.211.217	176.269.396

Á liðnum fyrirfram innheimtar tekjur eru færðar greiðslur sem hafa verið innheimtar um áramót vegna veggjalda sem ekki hafa verið nýtt.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptakröfur	22.306.644	19.096.269
Kröfur á tengda aðila	42.291	26.140
Kröfur á greiðslukortafyrirtæki	54.996.169	61.530.386
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(15.315.475)	0
	62.029.629	80.652.795

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	2025	2024
Staða í upphafi ársins	0	0
Framlag í afskriftareikning	15.315.475	0
	15.315.475	0

7. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 5.600 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	5.600.000.000	(5.306.633.698)	293.366.302
Tap ársins		(327.878.118)	(327.878.118)
Staða í árslok	5.600.000.000	(5.634.511.816)	(34.511.816)

Skýringar

8. Tekjuskattsinnæign

Skatteign að fjárhæð kr. 1.126,9 millj. er ekki færð til eignar vegna óvissu um nýtingu hennar.

Yfirfæranlegt skattalegt tap skiptist þannig:

Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	886.108.832
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	1.090.255.032
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	1.174.363.924
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	1.632.883.521
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	1.381.986.158
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	876.153.601
Skattalegt tap ársins 2025, nýtanlegt til ársloka 2035	615.527.686
	<u>7.657.278.754</u>

9. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í íslenskum krónum	16.095.647.647	16.038.588.795
Næsta árs afborganir	0	0
Langtímaskuldir samtals	16.095.647.647	16.038.588.795

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Skuldir í ISK, verðtryggt - vextir 1,5%	16.095.647.647	16.038.588.795
---	----------------	----------------

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig á næstu ár:

Árið 2026	0
Árið 2027	162.485.484
Árið 2028	162.485.484
Árið 2029	162.485.484
Árið 2030	162.485.484
Síðar	15.445.705.710
	<u>16.095.647.647</u>

Í viðauka við lánasamninga félagsins er kveðið á um fjársópsfyrirkomulag, þannig að félagið greiðir allt laust fé umfram 50 m.kr. að lágmarki tvisvar sinnum á ári inn á lánið. Á árinu 2025 voru greiddar alls 830 m.kr til lánveitanda, þar af 536,9 m.kr. inná verðbættan höfuðstól lánnanna (Á árinu 2024 voru alls greiddar 730 m.kr. til lánveitanda, þar af 439,0 m.kr. inn á verðbættan höfuðstól lánsins). Samkvæmt framangreindum viðauka er kveðið á um lágmarks endurgreiðslu á fyrstu 5 árum frá undirritun viðaukans og hefur félagið nú þegar staðið skil á allri þeirri fjárhæð. Afborganir næsta árs munu því taka mið af því lausafjárstöðu félagsins en reiknað er með að þær gætu orðið svipaðar og á árinu 2025.

10. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi viðskipti við tengda aðila á árinu er að finna hér að neðan, en þar er fyrst og fremst um að ræða viðskipti við ríkisstofnanir, og í ofangreindum skýringu nr. 9 um langtímaskuldir.

Stöður við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Kröfur á tengda aðila í árslok	42.291	26.140
Skuldir við tengda aðila í árslok	2.903.384	2.058.627

Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Björn Óli Guðmundsson

Stjórnarformaður
Hilmar Gunnlaugsson

Stjórnarmaður
Ásthildur Sturludóttir

Stjórnarmaður
Styrkár Jafet Hendriksson

Framkvæmdastjóri
Valgeir Bergmann Magnússon